

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/2041****2021/EES/57/31****frá 11. desember 2020**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/585 að því er varðar fjölda sýna sem hvert aðildarríki skal taka og greina með tilliti til útgöngu Breska konungsríkisins úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum 2. mgr. 29. gr.,

með hliðsjón af samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/585 (3) kemur fram sá fjöldi sýna í hverju aðildarríki sem skal taka fyrir eftirlitsáætlunina, sem kveðið er á um með þeirri reglugerð, til þess að tryggja farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa.
- 2) Vegna útgöngu Breska konungsríkisins úr Sambandinu og loka umbreytingartímabilsins 31. desember 2020 eru aðlaganir nauðsynlegar til að tryggja að áætlunin verði áfram dæmigerð fyrir markaðinn í Sambandinu og að heildarfjöldi sýna verði áfram nægilegur til að uppfylla markmið þessarar áætlunar.
- 3) Breska konungsríkið lagði áður fyrir af mörkum umtalsverðan fjölda sýna í réttu hlutfalli við íbúafjölda landsins. Héðan í frá skal fjöldi sýna, sem Breska konungsríkið á að safna, aðlagður að því er varðar Norður-Írland og samkvæmt íbúafjölda þess yfirráðasvæðis.
- 4) Einnig ætti að aðlaga fjölda sýna, sem aðildarríkin eiga að taka, til samræmis við það til að viðhalda nægum heildarfjölda sýna að því er varðar 3. forsendu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/585.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/585 til samræmis við það.
- 6) Til þess að aðildarríkin geti sinnt skyldu sinni varðandi greiningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/585 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 420, 14.12.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Stjttíð. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/585 frá 27. apríl 2020 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2021, 2022 og 2023 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjttíð. ESB L 135, 29.4.2020, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í stað töflunnar í 5. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/585 kemur eftirfarandi:

BE	15
BG	15
CZ	15
DK	12
DE	106
EE	12
IE	12
EL	15
ES	55
FR	78
HR	12
IT	75
CY	12
LV	12
LT	12
LU	12
HU	15
MT	12
NL	20
AT	15
PL	51
PT	15
RO	22
SI	12
SK	12
FI	12
SE	15
Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland <sup>(1)</sup>	12
<b>HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683</b>	

<sup>(1)</sup> Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir þessi reglugerð um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland.